



386. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 18. mars 2026 kl. 16:00.

Mættir: Willum Þór Þórsson forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Sigurjón Sigurðsson, Trausti Gylfason, Þórdís Anna Gylfadóttir, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Teams: Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Daníel Jakobsson gjaldkeri, Anton Sveinn McKee, Heimir Örn Árnason og Hjördís Guðmundsdóttir.

Forföll: Viðar Garðarsson, Elsa Nielsen og Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Forseti setti fund og stýrði honum.

Dagskrá:

1. Kynning á nýrri heimasíðu ÍSÍ

Íris Elfa Þorkelsdóttir kynningarstjóri ÍSÍ fór yfir skipulag nýrrar vefsíðu ÍSÍ og fyrirkomulag. Síðan fer í loftið á næstu vikum og áfram verður unnið að því að koma gögnum á milli og uppfæra upplýsingar.

Hjördís Guðmundsdóttir formaður upplýsinga- og fjölmiðlanefndar/markaðsnefndar upplýsti að kynning yrði á næsta fundi framkvæmdastjórnar á samskiptaáætlun og verkáætlun fram að næsta þingi. Hún lýsti yfir ánægju sinni með nýja heimasíðu ÍSÍ og tóku aðrir fundarmenn undir með henni.

2. Málefni á milli funda - til kynningar og upplýsingar:

2.01 Minnisblað vegna dóms Dómstóls ÍSÍ – 1. mál 2026.

Helga Þórðardóttir kom inn á fundinn og fylgdi minnisblaðinu eftir, rakti málið og niðurstöðu dómstólsins. Talsverðar umræður urðu um málið. Ljóst er að skoða þarf lög ÍSÍ með hliðsjón af dómsniðurstöðunni.

2.02 Samantekt skrifstofu.

Lögð fram.

2.03 Samantekt svæðisstöðva.

Lögð fram.

2.04 Umsögn ÍSÍ á tillögu til þingsályktunar um almannaheillasjóð.

Umsögn ÍSÍ lögð fram til upplýsingar.

2.05 Umsögn ÍSÍ um áform um gerð Ungmennastefnu Íslands 2026 – 2033.

Umsögn ÍSÍ lögð fram. Umræður urðu um þátt ungs fólks í leiðtogastarfi í íþróttahreyfingunni.

2.06 Umsögn ÍSÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (frádráttur vegna tómstundar barna), 433. mál.

Lagt fram. ÍSÍ mun senda umsögn. Benda á að frístundastyrkir eru ekki eingöngu til íþróttaiðkunar. Breytileikinn í upphæðum frístundastyrkja er

2.07 Fundargerð framkvæmdastjórnar frá 25. febrúar 2026

Rafrænt samþykki framkvæmdastjórnar á milli funda staðfest formlega í fundargerð.

2.08 Fundargerð vinnuhóps ÍSÍ um Ferðasjóð íþróttafélaga.

Lögð fram.

2.09 Fundargerð AMÍ frá 5. mars 2026.

Lögð fram.

2.10 Heiðursviðurkenning á ársþingi KSÍ.

Rafrænt samþykki framkvæmdastjórnar á milli funda um að sæma *Jónu Petru Magnúsdóttur* Silfurmerki ÍSÍ á ársþingi KSÍ staðfest formlega í fundargerð.

Forseti afhenti Jónu Petur heiðursviðurkenninguna.

2.11 Lífshlaupið 2026 – skýrsla

Lögð fram. Verkefnið tókst afar vel og var mikil fjölgun í verkefninu.

Trausti Gylfason lýsti yfir ánægju sinni með starf starfsfólks Fræðslu- og almenningsíþróttasviðs í tengslum við verkefnið og árangurinn.

3. Fjármál

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Daníel Jakobsson gjaldkeri framkvæmdastjórnar kynntu lykiltölur í uppgjöri vegna 2025 og samanburð við fjárhagsáætlun. Ársreikningurinn er í vinnslu hjá endurskoðendum í samstarfi við fjármálaráð ÍSÍ.

Stefnt er að því að endurskoðendur kynni endurskoðaðan ársreikning ÍSÍ á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

4. Stefnumótun

Kári Mímisson formaður stefnumótunarráðs ÍSÍ fór yfir þá vinnu sem er að baki. Góða umræður hafa skapast á fundunum sem haldnir hafa verið og framundan eru fleiri fundir víða um land. Vinna er komin á stig tvö af fjórum í tímalínu verkþátta og uppskiptingu og mikil gagnasöfnun hefur átt sér stað samhliða fundunum.

Meðfram stefnumótunarvinnunni hafa ÍSÍ og UMFÍ staðið fyrir herferðin Raddir unga fólksins þar sem unga fólk á landsvísu hefur fengið gott tækifæri til að koma með innlegg í framtíðar íþróttastarfið í landinu.

Þann 5. júní funda framkvæmdastjórnir ÍSÍ og UMFÍ um stefnumótunina, þar sem farið verður farið yfir þau gögn sem hafa safnast og farið yfir næstu skref.

5. Umsókn HHF um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ

Tekin fyrir umsókn Héraðssambandsins Hrafna-Flóka um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Óskað er eftir því að viðurkenningin verði afhent á ársþingi HHF 22. mars nk.

Öll gögn liggja fyrir og hafa verið lesin yfir á Stjórnarsýslusviði. Umsóknin var samþykkt. Afhending viðurkenningarinnar fer fram á ársþingi sambandsins 2026.

6. Úthlutun úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ársins 2025

Lögð fram tillaga að úthlutun úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ársins 2025. Tillagan var unnin í samráði við vinnuhóp ÍSÍ um Ferðasjóð íþróttafélaga og samþykkt af hópnum.

Heimir Örn Árnason formaður vinnuhópsins fylgdi tillögunni úr hlaði.

Umsóknir voru 10% færri en í fyrra en í samræmi við árið þar á undan. Svæðisfulltrúar hjálpuðu til við að minna á umsóknarfrestinn og hvöttu íþróttafélög til umsókna, líkt og í fyrra.

Á milli ára voru unnar leiðbeiningar sem umsækjendur gátu nýtt sér og leiddu til vandaðari umsókna í ár, sem létti yfirlesturinn.

Skipting úthlutana á milli íþróttahéraða og íþróttagreina er svipuð og áður.

Heimir Örn ræddi næstu úthlutun en þá kemur til 100 m.króna viðbótarframlag. Framlagið er einungis til eins árs en vonast er til að hægt verði að tryggja það til lengri tíma.

Samtal er hafið í vinnuhópnum um útfærslur og áherslur. Sátt hefur ríkt um úthlutunarreglurnar en vegna viðbótarframlagsins þá gefst gott tækifæri til skoðunar og e.t.v. breytinga.

Tillagan að úthlutun, samtals kr. 123.898.599, - samþykkt samhljóða.

Forseti þakkaði fyrir góða vinnu við yfirlestur og útreikning og ítrekaði mikilvægi þess að viðbótarfjármagnið verði varanleg viðbót inni í fjárlögum. Hann sagði háan ferðakostnað iðkenda í íþróttahreyfingunni eitt stærsta hagsmunamálið sem rætt er á stefnumótunarfundum undanfarinna vikna. Það væri áhyggjuvaldandi víða um land og að hann deildi þeim áhyggjum.

7. Ársþing sambandsaðila

Forseti fór yfir það helsta frá ársþingum sambandsaðila sem fram hafa farið á síðustu vikum. Almennar umræður urðu um ýmis mál úr hreyfingunni sem fram hafa komið á þingunum.

8. Til afgreiðslu:

8.01 Ósk um varamann í stjórn Íslenskra getrauna og ósk um aðal- og varamenn í stjórn Ísl. getspar.

Ráðuneytið óskaði eftir því að ÍSÍ tilnefndi varamann í stjórn Íslenskra getrauna. Samþykkt samhljóða að tilnefna Elsu Nielsen sem varamann.

Undir þessum lið var einnig tekið fyrir boðsbréf til aðalfundar Íslenskrar getspar sem haldinn verður 20. apríl nk. Samþykkt að fulltrúar ÍSÍ í stjórn Getspar verði:

Aðalmenn: Willum Þór Þórsson forseti og Olga Bjarnadóttir 1. varaforseti.

Varamenn: Ragnheiður Ríkharðsdóttir meðstjórnandi og Andri Stefánsson framkvæmdastjóri.

Á aðalfundinn mæta ofangreind og Daníel Jakobsson gjaldkeri.

8.02 Fundargerð 2. fundar laganefndar ÍSÍ 2026.

Tillögur laganefndar um afgreiðslu mála samþykktar samhljóða.

8.03 Minnisblað – Leiðrétting, kostnaðarpátttaka ungmenna í landsliðsstarfi 2025

Tillaga um tvær leiðréttingar samþykkt samhljóða.

8.04 Heiðranir:

- *Tilnefning HSH:*

Samþykkt að sæma Maríu Ölmú Valdimarsdóttur Silfurmerki ÍSÍ á ársþingi HSH 14. apríl nk.

- *Tilnefning LSÍ:*

Samþykkt að sæma Inga Gunnar Ólafsson Gullmerki ÍSÍ og Hrund Scheving Silfurmerki ÍSÍ á ársþingi sambandsins 25. mars nk.

- *Tilnefningar ÞRÍ:*

Samþykkt að sæma Halldóru Gyðu Matthíasdóttur Proppé, Gísla Ásgeirsson og Valerie Meier Gullmerki ÍSÍ í tilefni af 10 ára afmæli ÞRÍ. Viðurkenningarnar verða afhentar á ársþingi sambandsins 28. mars nk.

- *Tilnefningar UDN:*

Samþykkt að sæma Ernu Hjaltadóttur og Gunnlaugu Arngrímsdóttur Silfurmerki ÍSÍ á ársþingi UDN 9. apríl nk.

- *Tilnefningar UMSK:*

Samþykkt að sæma Guðmund G. Sigurbergsson og Jóhann Inga Jóhannsson Gullmerki ÍSÍ á ársþingi UMSK 26. mars nk. Einnig sæma Agnar Mát Jónsson, Þorvald Þorsteinsson, Hallgrím Davíð Björnsson, Hjalta Árnason og Lúðvík Örn Steinarsson Silfurmerki ÍSÍ við sama tækifæri.

- *Tilnefning HHF:*

Samþykkt að sæma Þórð Sveinsson Silfurmerki ÍSÍ á ársþingi HHF 10. apríl nk.

9. Viðburðir

Farið yfir viðburði sem framundan eru og mönnun þeirra.

10. Næstu fundir

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verða miðvikudaginn 15. apríl, 20. maí og 24. júní nk. Þann 5. júní verður stefnumótunarfundur stjórna ÍSÍ og UMFÍ.

11. Önnur mál

Þjóðarhöllin

Sigurjón Sigurðsson ræddi málefni þjóðarhallar fyrir innanhússíþróttir. Tillögur í samkeppnisútboði verða opinberaðar fljótlega. Tvö teymi tóku þátt í útboðinu, annars vegar ÍAV ásamt samstarfsaðilum og hins vegar Ístak með samstarfsaðilum.

Merki AMÍ og önnur merki innan vébanda ÍSÍ

Hafsteinn Pálsson ræddi nafn AMÍ og hvort að það geti valdið misskilningi út á við.

Almennar umræður urðu um vörumerki verkefna ÍSÍ.

Forseti vísaði til stefnumótunar sem nú er í gangi og sagði gott tækifæri að taka til skoðunar vörumerki og verkefni ÍSÍ í þeirri vinnu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 18.

Halla Kjartansdóttir